
Hrafnista Nesvöllum - Reykjanesbæ

Úttekt á gæðum þjónustu

Svið eftirlits og gæða

Apríl 2015

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 hefur landlæknir faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst meðal annars við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

AÐFERÐIR

Í apríl 2015 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Nesvöllum, Reykjanesbæ. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá stjórnendum heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Nesvelli. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar landlæknis; Anna Björg Aradóttir hjúkrunarfræðingur/sviðsstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 28. apríl 2015. Fundað var með Hrönn Ljótisdóttur forstöðumanni heimilisins og Maríu Fjólu Harðardóttur framkvæmdastjóra heilbrigðissviðs Hrafnistu og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR

HUGMYNDAFRÆÐI OG STEFNA

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í *Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*.

Hugmyndafræði Hrafnistu Nesvöllum

Hjúkrunarheimilið Nesvellir í Reykjanesbæ sem rekið er af Hrafnistu tók til starfa í mars 2014. Hugmyndafræði heimilisins grundvallast sérstaklega af þáttum sem taka til sjálfræðis íbúa, mannúðar og virðingar og byggir á eftirfarandi markmiðum: Að vera leiðandi í umönnun og þjónustu við aldraða og að stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan íbúa. Að efla faglega þekkingu starfsfólks, auka starfsánægju og bæta starfsumhverfi. Öll starfsemi heimilisins miðar að því að uppfylla þessi markmið. Stjórnendur leggja áherslu á að hugmyndafræði og stefna Hrafnistu sé í stöðugri þróun eftir því sem þarfir íbúa breytast.

Hrafnista Nesvöllum er með góða vefsíðu, www.hrafnista.is, þar sem hugmyndafræði heimilisins ásamt öðrum þáttum er varða þjónustu og starfsemi Nesvalla er aðgengileg fyrir alla.

Skjalfest stefna og framtíðarsýn

Heimilið hefur mótað sér skjalfestar stefnur varðandi mannauðsmál þar sem eru sérákvæði um símenntun starfsfólks, lyfjamál, fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu og stefnu varðandi varðveislu og eyðingu gagna fyrir öll dvalar- og hjúkrunarheimili Hrafnistu. Allar þessar stefnur eru skráðar og geymdar í gæðahandbók.

Upplýsingar við komu á heimilið/fjölskyldufundir

Áður en flutt er inn á heimilið er íbúa og aðstandendum boðið að koma í heimsókn á heimilið. Við komu fá nýir íbúar og/eða aðstandendur afhentan upplýsingabækling, *Handbók heimilismanna*, þar sem fram koma góðar upplýsingar varðandi starfsemi og þjónustu heimilisins og einnig má nálgast nánari upplýsingar á vefsíðu heimilisins. Tekið er fram að Hrafnista Nesvöllum ber ekki ábyrgð á eigum og fjármunum íbúa.

Að sögn stjórnenda hjúkrunar eru fjölskyldufundir haldnir eftir þörfum og ávallt þegar breyting verður á heilsufari í búa og einnig að beiðni aðstandenda. Einnig er áhersla lögð á að hafa sem best samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að deildarstjóra og öðrum starfsmönnum heimilisins.

NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

Stofnendur í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Veita notendamiðaða þjónustu sem er örugg, tímanleg, skilvirk, árangursrík og þar sem jafnræðis er gætt. (*Reglugerð um gæðavísu sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008*). Virða lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Hjúkrun og umönnun

Íbúum Hrafnistu Nesvöllum er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir hverri vakt á heimilinu allan sólarhringinn.

Þegar úttekt er gerð eru einungis hjúkrunarfræðingar heimilisins með skilgreindan hóp íbúa en stefnt er að því að sjúkraliðar hafi einnig umsjón með ákveðnum íbúum. Hjúkrunarfræðingar munu þó ætíð bera ábyrgð á hjúkrunarmeðferð.

Leiðbeiningar um líknandi meðferð eru skráðar í gæðahandbók og ber hjúkrunarfræðingur ábyrgð á meðferðinni. Við umönnun íbúa í lífslokameðferð er stuðst við *Liverpool Care Pathway/meðferðarferli fyrir deyjandi*.

Læknisþjónusta

Yfirleitt er gerð læknisskoðun innan 7 daga frá komu og fer umfang hennar eftir þörfum hverju sinni. Farið er yfir aðsend gögn fyrir viðkomandi, svo sem læknabréf, rannsóknir og lyfjaupplýsingar. Á fjölskyldufundum er ákveðin meðferð í samráði við lækni og hjúkrunarfræðing.

Í gæðahandbók eru skráðar verklagsreglur um viðbrögð við bráðum veikindum /neyðartilfellum.

Fylgst er með því að íbúar fari í reglubundið eftirlit til tannlæknis. Allir íbúar geta sótt sér sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknarþjónustu út fyrir heimilið í samráði við lækni heimilisins.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Sjúkraþjálfari er í 90% stöðu og aðstoðarmaður sjúkraþjálfara í 75% stöðu. Iðjuþjálfari er í 75% stöðu og aðstoðarmaður iðjuþjálfara í 70% stöðu og sinna þeir einstaklingsmeðferðum og einnig hóppjálfun. Góð aðstaða er fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun á Nesvöllum og fer meðferð að mestu leyti fram þar en einnig á hverri heimiliseiningu eftir því sem þörf krefur.

Iðjuþjálfari stýrir og skipuleggur félagsstarf og virkni á heimilinu. Íbúum Nesvalla er boðið upp á fjölbreytt félagsstarf þar sem áhersla er lögð á notalegar samverustundir og góðan félagsskap. Félagstarf fer bæði fram inni á heimiliseiningunum og í þjónustumiðstöð sem er áföst heimilinu.

Prestar Reykjanesbæjar og Garðs þjónusta íbúa Nesvalla með helgistundum og sálgæslu eftir þörfum.

Fæði/mötuneyti

Gott eldhús er á Nesvöllum og er allur matur heimilisins eldaður þar, auk þess er aðstaða á hverri einingu til að útbúa mat. Á Hrafnistu eru starfandi menntaðir matreiðslumenn með áratuga reynslu. Matreiðslustefna er útbúin í samráði við næringarfræðing sem kallaður er til eftir þörfum. Lögð er áhersla á fjölbreytt fæðuval og tekið mið af ráðleggingum Embættis landlæknis. Þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sérþæði og sjúkrasérþæði. Matseðlar eru útbúnir fyrirfram og aðgengilegir á upplýsingatöflu á hverri heimiliseiningu og á vefsíðu Hrafnistu og þar eru einnig upplýsingar um næringargildi allra máltíða.

Önnur þjónusta

Íbúar Nesvalla hafa aðgang að túlkabjónustu ef þörf krefur. Þá hafa þeir aðgang að hársnyrti- og fóttaaðgerðarstofu gegn greiðslu. Boðið er upp á þvott á einkafatnaði á hverri einingu án endurgjalds en íbúar/aðstandendur þurfa sjálfir að sjá um hreinsun á fatnaði sem þarf sérstaka meðhöndlun.

HÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐUR

Húsnæði hjúkrunarheimilisins Nesvalla sem tekið var í notkun vorið 2014 er á þremur hæðum og skiptist í sex heimilislegar einingar. Á heimilinu búa 60 íbúar, allir í einbýlum með sérbaðherbergi og eldhúskrók með ísskáp og hafa góðar aðstæður til að innrétta með eigin húsbúnaði. Á hverri einingu eru 10 einstaklingsíbúðir með sameiginlegu eldhúsi, borðstofu og setustofu og á tveimur efri hæðunum eru góðar svalir. Húsnæðið er heimilislegt og fallegt og sniðið að þörfum þeirra sem þar búa.

MANNAUÐSMÁL

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Huga að því að nauðsynlegur fjöldi heilbrigðisstarfsfólks þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé að uppfylla þarfir mismunandi sjúklingahópa og stuðla að sem bestri heilsu og vellíðan hvers og eins. Taka mið af því að góð heilbrigðisþjónusta byggist fyrst og fremst á vel menntuðu og hæfu starfsfólki. (*Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*).

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Nesvöllum eru 5,33, stöðugildi sjúkraliða 16,8 (þar af 1,4 stg. sjúkraliða með sérnám í öldrunarhjúkrun), félagsliða 2,65 og ófaglærðs starfsfólks 27,43. Samkvæmt *Viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014 er talið æskilegt að hlutfall hjúkrunarfræðinga sé 27% af mannafla sem sinnir umönnun og að lágmarkshlutfall þurfi að vera 20% til að tryggja öryggi íbúa. Þá er í viðmiðunum talið æskilegt að hlutfall faglærðra í umönnun sé 78% og lágmarkshlutfall 57% til að tryggja öryggi. Í fyrrnefndum viðmiðum er talið æskilegt að fjöldi umönnunarklukkustunda sé 5,34 klst. á íbúa á sólarhring og lágmarksfjöldi umönnunarklukkustunda 4,65. (Útreikningar umönnunarklukkustunda miðast við alla sem sinna umönnun, faglærða og ófaglærða).

Að sögn forsvarsmanna heimilisins dugar fjármagn til rekstrar (daggjöld) ekki til að fara eftir ofangreindum viðmiðum hefur Hrafnista gert sín eigin mönnunarlíkön sem miðast við að umönnunarklukkustundir á hjúkrunardeild séu 4,8 – 5,0 á sólarhring.

Á Hrafnistu Nesvöllum er hlutfall hjúkrunarfræðinga rúmlega 10% og hlutfall faglærðra af þeim sem sinna umönnun einungis 47% og nær ekki lágmarkshlutfalli sé miðað við *Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014. Umönnunarklukkustundir á Nesvöllum voru 4,9 þegar úttektin var gerð.

Ráðningaferli/starfsmannamál

Starfsmenn sem hefja störf á Hrafnistu Nesvöllum þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning. Nýir starfsmenn fá starfslýsingu og einstaklingsmiðaða aðlögun og fylgja reyndum starfsmanni nokkrar vaktir. Stuðst er við gátlista um móttöku nýrra starfsmanna sem er í gæðahandbók.

Boðið er upp á influensubólusetningu og starfsfólk hvatt til að láta bólusetja sig. Hrafnista veitir starfsmönnum árlega íþróttastyrki og reglulega eru haldnir *Heilsudagar* þar sem boðið er upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingar og veitt ráðgjöf ef þörf krefur. Ýmis konar önnur fræðsla er í boði hvað varðar heilsurækt, svo sem ráðgjöf við að hætta að reykja, fræðsla um líkamsbeitingu, stafganga, jóga og fleira og á Hrafnistu starfar heilsufulltrúi í 10% starfi.

Fræðsla/símenntun

Símenntun og fræðsla er hluti af mannauðsstefnu Hrafnistu sem unnið er eftir á Nesvöllum. Við Hrafnistu er starfandi námskeiðsnefnd sem sér um úthlutanir vegna símenntunar starfsmanna en eitt af grunnmarkmiðum heimilisins er að efla faglega þekkingu starfsfólks. Fjölbreytt fræðsla er í boði á Hrafnistuheimilunum sem starfsmenn geta sótt á vinnutíma. Árið 2014 var til að mynda boðið upp á 12 fyrirlestra og auk þess var fræðsla um ýmis efni, svo sem RAI, öryggismál og skyndihjálp. Hrafnista er með stjórnendaskóla einu sinni á ári þar sem alls kyns fræðsla er í boði, alls 16 klst.

GÆÐAMÁL/FAGLEGIR ÞÆTTIR

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Koma sér upp formlegu gæðaþróunarstarfi og fylgja eigin áætlun í gæðamálum, enda ber öllum þeim er starfa í heilbrigðisþjónustu að efla gæði þjónustunnar. (*Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*).

Fylgjast með gæðum og öryggi þjónustunnar og stuðla að því að þessir þættir séu sýnilegir, m.a. með notkun gæðavísa. (*Reglugerð um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008*).

Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis *Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*.

Í mannauðsstefnu Hrafnistu er sérstakur kafli um gæða og umbótastarf, mannauðsstefnan er í sameiginlegri gæðahandbók Hrafnistuheimilanna. Gæðahandbókin inniheldur 57 verklagsreglur/stefnur og má þar m.a. finna mannauðsstefnu, fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu, heilsu- og lyfjastefnu. Gæðahandbók er útprentuð í möppur sem liggja frammi á öllum deildum Nesvalla og er að sögn stjórnenda „lifandi plagg“ sem er í stöðugri endurskoðun. Gæðahandbókin er einnig á rafrænu formi á innri vef Hrafnistu.

Á heilbrigðissviði Hrafnistu, sem er annað af stoðsviðum Hrafnistu, eru tveir starfsmenn í 100% starfi og er annar þeirra gæðastjóri heimilanna. Heilbrigðissvið heldur utan um faglega þróun og gæðamál á öllum heimilum Hrafnistu og starfandi er RAI hópur sem hefur faglega umsjón með RAI skráningu. Reglulega er fylgst með niðurstöðum RAI gæðavísa og þeir notaðir til að fylgjast með gæðum og umbótastarf hafið er þörf krefur. RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar skoðaðir eru gæðavísar frá síðustu matstímabilum á Nesvöllum kemur í ljós að langflestir eru í góðu lagi og innan við efri viðmiðunarmörk íslensku gæðaviðmiðana.

Sýkingavarnir

Góðar verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar/umönnunar eru fyrir hendi í gæðahandbók, svo sem varðandi sýkingavarnir, t.d. einangrun, viðbrögð við hópsýkingum og handþvott sem eru kynntar öllum nýjum starfsmönnum. Til er sýkingavarnahandbók Hrafnistu og verður sú bók lögð fram til endurskoðunar haustið 2015. Allar sýkingar sem upp koma eru skráðar en ekki hafa komið upp alvarlegar sýkingar á Nesvöllum frá opnun heimilisins.

Lyfjamál

Hjúkrunarfræðingar eru ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og skráningu. Öll föst pökkuð lyf eru geymd í læstum skápum inni hjá íbúum. Lyf sem gefin eru eftir þörfum og eftirritunarskyld lyf eru geymd í sérstökum skáp sem deildarstjóri ber ábyrgð á. Föst lyf koma pökkuð frá Lyfju og kvittað fyrir allar lyfjagjafir á sérstökum blöðum sem geymd eru í möppu með lyfjakorti íbúans. Lyfjafyrirmæli eru gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjanefnd starfar við heimilið og gott aðgengi er að þjónustu lyfjafræðinga og situr lyfjafræðingur í lyfjanefnd Hrafnistuheimilanna. Lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reglulega er fylgst með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis mælir með. Sérstakt átak hefur verið í gangi á Hrafnistuheimilunum, undir stjórn Sigurðar Helgasonar forstöðulæknis, sem miðar að því að draga eins og kostur er úr svefnlyfjanotkun og óþarfa fjöllyfjanotkun með það að markmiði að auka lífsgæði íbúanna og hefur það tekist vel. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Hrafnistu.

Þjónustukannanir

Þjónustukönnun hefur ekki verið gerð en til stendur að gera þjónustukannanir næsta haust, 2015.

SKRÁNING

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Tryggja að lágmarksupplýsingar séu skráðar í sjúkraskrá og þau atriði sem nauðsynleg eru vegna meðferðar sjúklings. (*Lög um sjúkraskrá nr. 55/2009 og fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum, 2011*).

Virða lög um réttindi sjúklings nr. 74/1997.

Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð yfirlæknis heimilisins og er á rafrænu formi í Sögukerfið. Við hjúkrunarskráningu sem einnig er rafræn í Sögukerfið er stuðst við heilsufarslykla og NANDA flokkunarkerfi. Lækna- og hjúkrunarritarar eru umsjónaraðilar sjúkraskráa en ábyrgðaraðilar eru yfirlæknir og framkvæmdastjórn. Fyrir hendi er skjalfest stefna varðandi upplýsingaöryggi sjúkraskrárgagna sem geymd er í gæðahandbók.

Atvik /kvartanir

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Framfylgja ákvæðum laga um skráningu og tilkynningar óvæntra atvika til EL. (*Lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007*).

Rýna í og nýta atvik og kvartanir til markvissra umbóta á starfsháttum og gæðum þjónustu. Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis *Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*.

Skriflegar verklagsreglur varðandi atvikaskráningu eru fyrir hendi í gæðahandbók heimilisins. Öll atvik eru skráð á þar til gerð eyðublað sem eru ásamt verklagsreglum um atvika- og óhappaskráningu í gæðahandbók. Atvik eru undirrituð af deildarstjóra sem ber ábyrgð á skráningu þeirra og kemur þeim áfram til framkvæmdastjóra heilbrigðissviðs. Alvarleg atvik eru strax tilkynnt til framkvæmdastjórnar Hrafnistu, ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Í gæðahandbók eru leiðbeiningar/verklagsreglur um það sem betur má fara. Starfsmenn eru hvattir til að benda íbúum, aðstandendum eða öðrum hlutaðeigandi á eyðublað þar sem hægt er að koma ábendingum á framfæri. Einnig eru starfsmenn hvattir til að nýta þessi eyðublað sjálfir til að koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara í starfsemi heimilisins. Þeim sem gerir athugasemd eða kvartar yfir þjónustu á heimilinu er bent á að senda ábendingu ýmist skriflega eða á rafrænu formi til heilbrigðissviðs Hrafnistu sem skráir hana og sendir áfram til þeirrar deildar sem málið varðar. Deildarstjóri/forstöðumaður fær 10 virka daga til að koma með tillögur að úrbótum eða leysa málið.

ÖRYGGISMÁL

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Móta sér stefnu er varðar öryggismál stofnunarinnar sem snertir öryggi sjúklinga, starfsfólks, upplýsinga, eigna og búnaðar.

Skýrar reglur og leiðbeiningar um ofbeldi eru skráðar í gæðahandbók og hluti af þjálfun starfsfólks og námskeiðshaldi er að kenna viðbrögð við ofbeldi. Viðbragðsáætlanir við ofbeldi og óboðnum gestum eru skráðar í gæðahandbók heimilisins og kynntar starfsfólki.

Öryggisbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa og eru reglur þar að lútandi skráðar í gæðahandbók. Eyðublað fyrir upplýst samþykki um notkun öryggisbúnaðar hefur nýlega verið tekið í notkun á Nesvöllum.

Sérstakur Björgunarpakki með upplýsingum um viðbrögð við vá og um rýmingu er til staðar á hverri heimiliseiningu. Fullkomið brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og til er skrifleg rýmingaráætlun fyrir allt húsið. Ekki hefur verið haldin brunaæfing en stendur til fljótlega að sögn forstöðumanns.

Skrifleg áætlun skv. reglugerð nr. 920/2006 um áhættumat og forvarnir er fyrir hendi á Hrafnistu.

SAMANTEKT OG ÁBENDINGAR

Mönnun

Mönnun hjúkrunarfræðinga og fagfólks við umönnun er í lágmarki og nær ekki lágmarksvimiðum sem miðað er við í *Viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014. Embætti landlæknis hvetur til þess að fagleg mönnun við umönnun á heimilinu verði aukin.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Jákvætt er hversu öflug sjúkra- og iðjuþjálfun er. Virkni/félagsstarf er fjölbreytt og með ágætum.

Fæði og mótuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Hrafnistu Nesvöllum er nýtt og í mjög góðu lagi.

Öryggi og eftirlit

Í mjög góðu lagi.

Gæðastarf

Gæðahandbók er fyrir hendi og góðar verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar. Ennfremur er jákvætt að starfandi er gæðastjóri á heimilinu.

Atvik/kvartanir

Atvik skráð í atvikaskrá og skriflegar verklagsreglur í gæðahandbók.

Skráning

Í góðu lagi. Sjúkra- og hjúkrunarskráning er rafræn í Sögu skráningarkerfi.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

- Leita leiða til að auka faglega mönnun við hjúkrun/umönnun íbúa.

LOKAORÐ

Embættið þakkar góða samvinnu við stjórnendur Hrafnistu Nesvöllum í tengslum við úttektina.